

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Ellidaárdalur, svæði norðan Miklubrautar.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 3. september 2021, breytingu á deiliskipulagi Ellidaárdals, svæði norðan Miklubrautar. Í breytingunni felst að skipulagsmörkum deiliskipulags Ellidaárdals, norðan Vesturlandsvegar, er breytt og minnkar skipulagssvæðið um 10 ha. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Borgartún 8-16A.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, 27. apríl 2022, breytingu á deiliskipulagi Höfðatorgs vegna lóðarinnar nr. 8-16A við Borgartún. Í breytingunni felst að gerðir eru byggingarreitir fyrir minniháttar mannvirki sem rísa upp úr yfirborði kjallara. Innan þeirra er hægt að byggja minniháttar mannvirki svo sem útloftunarstokka og lyftu- og stigahús. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Dalbrautarreitir - Laugalækjarskóli.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 23. júní 2022, breytingu á deiliskipulagi Dalbrautarreits vegna Leirulækjar 2 (Laugalækjarskóli). Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir færanlegar kennslustofur sem staðsettar verða á vesturhluta skólalóðar ásamt aukningu á byggingarmagni/nýtingarhlutfalli. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Sæmundargata 15-19.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, 29. júní 2022, breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, Vísindagarðar, vegna lóðarinnar nr. 15-19 við Sæmundargötu. Í breytingunni felst að byggingarreit þakhæðar er breytt lítilliga til að koma fyrir upphækkuðu lyftu- og stigahúsi á vesturhlið byggingarinnar við Sæmundargötu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Kirkjuteigur 24, Laugarnesskóli.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, 29. júní 2022, breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis vegna lóðarinnar nr. 24 við Kirkjuteig (Laugarnesskóla). Í breytingunni felst að hluti færanlegra kennslustofa geti verið tvær hæðir. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Fossvogshverfi - einbýlishús - svæði suður af Kvistalandi 26.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 30. júní 2022, breytingu á deiliskipulagi fyrir Fossvogshverfi - einbýlishús. Í breytingunni felst að afmarkað svæði suður af Kvistalandi 26 er tekið út úr deiliskipulagsáætluninni

og fært undir breytingu á deiliskipulagi Kvistalands 26. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hamrahlíð 2, Hlíðaskóli.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 7. júlí 2022, breytingu á deiliskipulagi Hörgshlíðar vegna lóðarinnar nr. 2 við Hamrahlíð (Hlíðarskóla). Í breytingunni felst að skilgreindur er byggingarreitur fyrir færanlegar kennslustofur sem ráðgert er að staðsetja á norðurmörkum lóðar, meðfram Hamrahlíð norðan við núverandi battavöll. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 13. júlí 2022.*

**Björn Axelsson.**

\_\_\_\_\_

B-deild – Útgáfudagur: 27. júlí 2022